

22.stjórnarfundur Kraft var haldinn á skrifstofu sambandsins mánudaginn 19.desember 2011 kl. 19.30. Mætt voru: Sigurjón, Guðjón, Birgir, Kári og Gry.

Þetta gerðist:

- 1) Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.
- 2) Agamál.
Stjórninni hefur borist ábendingu um hugsanlegt brot á reglum sambandsins. Eftir nákvæma skoðun telur stjórnin ekki að um slíkt sé að ræða og ekki þörf á viðbrögðum.
Aðgerð: Hlutaðeigendur gert grein fyrir niðurstöðunni.
- 3) Kraftlyftingamenn ársins 2011.
Stjórnin staðfesti ákvörðun tekin í tölvusamskiptum. Kraftlyftingamenn ársins í kvenna og karlaflokkum eru María Guðsteinsdóttir, Ármanni og Fannar Gauti Dagbjartsson, Breiðablik.
Gry lagði fram breytingartillögu að reglum um val á kraftlyftingamann og –konu ársins.
Aðgerð: stjórnarmenn skoða tillöguna og gera athugasemdir. Málið afgreitt á næsta fundi.
- 4) Reglur um mótahald.
Gry lagði fram tillögu um breytingu á reglum um mótahald.
Aðgerð: stjórnarmenn skoða tillöguna og gera athugasemdir. Málið rætt áfram.
- 5) Önnur mál:
 - **Formaður Kraft** mun þiggja boð Forseta Íslands í móttöku hans fyrir íþróttahreyfinguna.
 - **Sigurjón** ræðir við fulltrúa Zetóra um samstarf félaga á Seltjarnarnesi
 - Stjórnin vill gjarnan hitta Dietmar Wolf, meðlimur þjálfaranefndar IPF og ritari EPF, en hann kemur til landsins í janúar. **Gry** er með málið.

Fundi slitið kl. 20.30

Fundarritari Gry Ek